


ÞÚ ERT HUGRAKKARI EN ÞIG GRUNAR,
SNJALLARI EN ÞÚ HELDUR
OG STERKARI EN ÞÚ SÝNIST



Námskrá Yls

2021-2022

SKÖPUNARGLEÐI
VINSEMD
SAMKENND
ÁREIDANLEIKI
MÁLRFÆKT
KURTEISI
STÆRÐFRÆÐI
VIRÐIN
POLINMÆÐI
HUGREKKI
HÓFSEMI
LÍFSLEIKNI
ÁBYRGÐ
HEILSA
GLAÐVÆRÐ

Námskrá Yls

Leikskólinn Ylur er rekinn af Skútustaðahreppi. Með stjórn leikskólans fer leikskólastjóri með bakstuðningi skólanefndar og sveitarstjórnar. Leikskólinn var opnaður 2. nóvember 1976. Ylur er opinn frá kl. 08.10 til 16.30 frá mánudegi til föstudags. Deildir eru tvær. Mánadeild sem er deild eldri barnanna og Stjörnudeild þar sem yngri börnin dvelja. Vegna fjölgunar barna í leikskólanum verður elsti árgangur með aðsetur í einni kennslustofu grunnskólans sem hefur fengið nafnið Blásteinn.

Í námskrá Yls er unnið út frá ákveðnum hornsteinum þ.e. lífsleikni, málrækt, stærðfræði og heilsu. Inn í þessa fjóra þætti fléttast námssvið *Aðalnámskrár leikskóla*; læsi, heilbrigði og vellíðan, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sjálfbærni og sköpun.

Í daglegu starfi er lögð mikil áhersla á lífsleikni. Lífsleikni tekur á alhliða þroska, færni til samskipta, rökrænnar tjáningar og að bera virðingu fyrir umhverfi sínu. Markmiðið er að börnin verði sjálfstæðir einstaklingar og öðlist trú á eigin getu.

Hugmyndafræðin á bak við námsefnið Lífsleikni í leikskóla byggir á verkum eftirfarandi fræðimanna: Loris Malaguzzi, Howard Gardner, Daniel Goleman og William Damon en einnig er litið til Mannræktarstefnunnar.

Hugmyndafræði Loris Malaguzzi beinist að trú á möguleika einstaklingsins. Rannsóknir barna og uppgötvanir eru mikilvægar og nauðsynlegt að þeim sé sýnd virðing. Í kenningu Howards Gardner um fjölþáttagreind er talað um átta greindir sem hver einstaklingur býr yfir. Börnin fá því þjálfun á ólíkum sviðum í verkefnum sínum. Í bók Daniels Goleman, Tilfinningagreind, kemur skýrt fram að góð tilfinningagreind hjálpi til við öll mannleg samskipti og því þurfi að leggja rækt við hana allt frá fæðingu. William Damon hefur skrifað mikið um siðferðisþroska barna og gert rannsóknir sem benda til þess að börn séu færari en haldið hefur verið í að leysa siðferðisleg vandamál. Hann styður það eindregið að siðferðiskennd barna sé örvuð allt frá frumbersku. Að lokum má nefna Mannræktarstefnuna, The Council for Global Education, sem leitast við að gera börn bæði góð og fróð og þaðan kemur hugmyndin um dygðakennsluna.

Námsleiðir í leikskóla eru fjölbreyttar en námið byggir mikið á leik og sköpun. Leikurinn er alltaf aðalnámsleiðin og sú sem lögð er mest áhersla á. Í gegnum leikinn öðlast börn reynslu, auka við þekkingu sína og læra að eiga samskiði hvert við annað og ráða fram úr ágreiningsefnum. Samhliða leiknum gefast mörg tækifæri til náms í gegnum daglegt starf.

Sköpun er stór hluti af leikskólastarfinu og fléttast inn í flest verkefni. Í daglegu starfi er unnið með myndlist, tónlist og önnur listform eftir því sem við á. Lögð er áhersla á að börnin fái tækifæri til að prófa sig áfram, gera tilraunir, þjálfa upp færni og efla sjálfstraust. Ekki má gleyma leiknum sem skapandi námsleið, í gegnum hann geta börn prófað sig áfram og skapað ævintýraheima.

Lífsleikni

Lífsleikni

Stefna Yls er að börnin tileinki sér lífsleikni í gegnum allt nám í leikskólanum. Lífsleikni byggist á alhliða þroska, færni til samskipta, rökrænni tjáningu og virðingu fyrir umhverfinu.

Markmið:

- Að börnin verði sjálfstæðir einstaklingar og öðlist trú á eigin getu.
- Að börnin tileinki sér innri aga, séu fær um að sýna kurteisi og samkennd
- Að börnin læri að þekkja tilfinningar sínar og að hafa taumhald á þeim
- Að börnin temji sér virðingu fyrir umhverfi sínu og leikefni

Viðmið:

- Að börnin noti og skilji hugtök sem tengjast lífsleikninni svo sem heiti dygðanna og hvað þær fela í sér, geti tekið dæmi úr daglega lífinu

Mat:

- Skráningar
 - Skráningar úr daglegu starfi 1-3 ára
 - Viðtöl við börnin um dygðirnar 4-6 ára

Námsleiðir og kennsluskipulag:

Í leikskólanum Yl stefnum við að því að börnin tileinki sér lífsleikni í gegnum daglegt starf og fjölbreytt verkefni. Við notum dygðirnar í samræðum við börnin daglega, fléttum þeim inn í verkefni og tölum um þær í daglega lífinu. Dygðirnar eru notaðar til að kenna börnunum innri aga og að takast á við tilfinningar sínar. Dygðarstundir eru einu sinni í viku þar sem unnið er með dygðirnar á fjölbreyttan hátt. Söngstund tengd dygðunum er einu sinni í viku þar eru dygðalögin sungin og dygðamúsinn kemur í heimsókn.

Lífsleikni 1-3 ára



Leiðir að markmiðum

Lífsleikni	Sjálfbærni	Lýðræði og jafnrétti
Nota dygðirnar meðvitað allt árið um kring til að kenna lífsleikni.	Spjalla um náttúruna í útiveru.	Kenna börnunum að enginn er eins í gegnum umræður, verkefnavinnu og bókalestur.
Nota dygðamúsina markvisst í starfinu, a.m.k. einu sinni í viku í samverustund.	Kenna börnunum að ganga vel um og bera virðingu fyrir náttúrunni.	Gefa börnum val í leik og starfi, t.d. að þau fái tækifæri til að velja sér viðfangsefni, leikefni og féлага.
Æfa dygðalögin í söngstund.	Nota myndir til að fræða börnin um veðurfar og viðeigandi fatnað.	Gefa börnunum tækifæri á að taka eigin ákvarðanir.
Sameiginleg söngstund 1x í mánuði með dygðalögum.	Gróðursetja tré og plöntur á grenndarsvæði.	Gæta að því að öll börn fái sömu tækifæri í leikskólanum.
Kenna börnunum samskipti, s.s. að skiptast á, deila leikföngum, nota orð o.s.frv.	Sýna, útskýra og gefa börnunum tækifæri á að taka þátt í flokkun á rusli.	Gefa góðan tíma í spjall t.d. í hópastarfi. Gefa börnum tækifæri til að tjá sig og hlusta á aðra.
Kenna börnunum að tjá tilfinningar sínar. Setja orð á tilfinningar barnanna.		Gefa börnum rödd, láta hugmyndir þeirra njóta sín og gefa þeim tækifæri til að hafa áhrif.
Gefa börnunum góðan tíma fyrir leik.		Fjölmennning: Skoða þjóðfána.
Vinna með sjálfshjálp í fataherbergi.		

Lífsleikni 4-6 ára



Leiðir að markmiðum

Lífsleikni	Sjálfbærni	Lýðræði og jafnrétti
Nota dygðirnar meðvitað allt árið um kring til að kenna lífsleikni.	Spjalla um náttúruna í útiveru.	Kenna börnunum að enginn er eins í gegnum umræður, verkefnavinnu og bókalestur.
Nota dygðamúsina markvisst í starfinu, a.m.k. einu sinni í viku í samverustund.	Kenna börnunum að ganga vel um og bera virðingu fyrir náttúrunni.	Gefa börnum val í leik og starfi, t.d. að þau fái tækifæri til að velja sér viðfangsefni, leikefni og féлага.
Æfa dygðalögin í söngstund.	Nota myndir til að fræða börnin um veðurfar og viðeigandi fatnað.	Gefa börnunum tækifæri á að taka eigin ákvarðanir.
Sameiginleg söngstund 2 x í mánuði með dygðalögum.	Gróðursetja tré og plöntur á grenndarsvæði.	Gæta að því að öll börn fái sömu tækifæri í leikskólanum.
Kenna börnunum samskipti, s.s. að skiptast á, deila leikföngum, nota orð o.s.frv.	Heimsækja grenndarsvæði vikulega. (Þegar það verður tilbúið)	Gefa góðan tíma í spjall t.d. í hópastarfi. Gefa börnum tækifæri til að tjá sig og hlusta á aðra.
Kenna börnunum að tjá tilfinningar sínar. Setja orð á tilfinningar barnanna.	Vettvangsferðir 2x í mánuði	Gefa börnum rödd, láta hugmyndir barnanna njóta sín og gefa þeim tækifæri til að hafa áhrif.
Gefa börnunum góðan tíma fyrir leik.	Sýna, útskýra og gefa börnunum tækifæri á að taka þátt í flokkun á rusli.	Fjölmennungur: Skoða þjóðfána.
Vinna með sjálfshjálpi í matartímum, s.s. að smyrja brauð, skammta sér, hella í glös o.s.frv.		

Heilsa

Heilsa

Líðan, heilsa og heilbrigði barna hefur áhrif á getu þeirra til að læra og þroskast á jákvæðan hátt. Í leikskólanum er lögð áhersla á að efla andlega og líkamlega heilsu barna með daglegri hreyfingu, vinnu með dygðir og fræðslu. Í mótuneyti skólans er lögð áhersla á að börnin fái hollan og næringarríkan mat úr sem flestum fæðuflokkum daglega.

Markmið:

- Að börnin öðlist líkamlega vellíðan
- Að börnin öðlist andlega vellíðan
- Að börnin öðlist félagslega vellíðan

Viðmið:

- Að öll börn fari í útivist einu sinni á dag
- Að öll börn fari í skipulagða hreyfistund tvisvar í viku
- Að boðið sé upp á ávexti daglega

Mat:

- Skráningar leikskólastjóra

Námsleiðir og kennsluskipulag:

Heilsuefling fléttast inn í allt daglegt starf leikskólans, hreyfing, fræðsla, útivist og gott matarræði. Börnin fara daglega í útiveru og allar deildir fara í göngu/vettvangsferðir einu sinni í viku. Tvisvar í viku fara börnin í hreyfistund þar sem unnið er að ákveðnum markmiðum. Fræðsla um hollt mataræði og heilbrigða lífshætti fer fram í daglegu starfi en einnig í gegnum verkefnavinnu og hópastarf. Unnið er að því að auka vitneskju barna um líkamann, styrkja sjálfsmynd þeirra, stuðla að betri hreyfifærni og minna á mikilvægi slökunar og hvíldar. Lögð er áhersla á jákvæð samskipti og að börn og kennarar sýni hvert öðru umhyggju í leik og starfi. Einnig er lögð áhersla á að kenna börnunum daglega umhirðu sem við kemur hreinlæti, matmálstímum og umgengni.

Heilsa

1-3 ára



Leiðir að markmiðum

Heilsa	Hreyfing	Næring	Vellíðan
Fræðsla um hreinlæti	Dagleg útivera	Ávextir og grænmeti í boði í leikskólanum daglega	Setja orð á tilfinningar
Fræðsla um hollt matarræði	Hreyfing í íþróttahúsi einu sinni í viku	Börnin læri að nota mataráhöld	Hvetja til jákvæðra samskipta daglega
Fræðsla um tannheilsu	Skipulagðir hreyfileikir í leikskólanum einu sinni í viku	Hvetja börnin til að smakka fjölbreyttan mat	Hljáar móttökur í upphafi dags
Fræðsla um mikilvægi hreyfingar	Vettvangsferðir einu sinni í viku. Þegar veður og færð leyfa.	Hafa gott aðgengi að vatni	Hrós og jákvæð endurgjöf í daglegu starfi
	Dans einu sinni í viku		Gefa hlýju og snertingu
			Hvíldarstund daglega
			Hláturæfing einu sinni í viku.

Heilsa

4-6 ára



Leiðir að markmiðum

Heilsa	Hreyfing	Næring	Vellíðan
Fræðsla um hreinlæti	Dagleg útivera	Ávextir og grænmeti í boði í leikskólanum daglega	Setja orð á tilfinningar
Fræðsla um hollt matarræði.	Hreyfing í íþróttahúsi einu sinni í viku	Börnin læri að nota mataráhöld	Hvetja til jákvæðra daglegra samskipta
Fara í verslun og skoða úrvalið. Hvað er hollt og hvað er óhollt?	Skipulagðir hreyfileikir í leikskólanum einu sinni í viku	Börnin læri að skammta sér hóflega og smyrja	Hljáar móttökur í upphafi dags
Fræðsla um mikilvægi hreyfingar	Vettvangsferðir einu sinni í viku. Þegar veður og færð leyfa.	Hvetja börnin til að smakka fjölbreyttan mat	Veita hrós og jákvæða endurgjöf í daglegu starfi
Fræðsla um tannheilsu, mikilvægi þess að bursta tennur	Dans kennsla einu sinni í viku	Hafa gott aðgengi að vatni	Hvíldarstund daglega
			Hláturæfingar einu sinni í viku.

Stærðfræði

Stærðfræði

Til að ná árangri, bæði skóla og í lífinu sjálfu, er mikilvægt fyrir börn að ná góðum tókum á stærðfræði strax á leikskólaaldri. Stærðfræði er samofin mörgu í daglegu lífi, t.d. að versla inn, finna út fatastærðir, elda matinn og finna skiptimynt. Stærðfræðin getur þannig hjálpað til við marga hluti, t.d. að leysa vandamál og bera kennsl á ákveðin mynstur eða þemu.

Markmið:

- Að börnin öðlist talnaskilning
- Að börnin læri að raða, flokka og para saman
- Að börnin öðlist hugtakaskilning

Viðmið:

- Vinna markvisst með talnaskilning og form einu sinni í viku
- Börnin leiki með einingakubba þrisvar í viku undir leiðsögn kennara
- Vinna myndrænt með hugtakaskilning einu sinni í viku

Mat:

- Skráningar kennara
- Verkefni úr markvissu hópstarfi

Námsleiðir og kennsluskipulag:

Stærðfræðin fléttast inn í allt starf leikskólans. Kennarar skipuleggja umhverfi sem býður upp á fjölbreytt viðfangsefni og veitir börnum tækifæri til að æfa stærðfræðihugtök á fjölbreyttan hátt í gegnum leik og daglegt starf. Lögð er áhersla á talnaskilning í víðum skilningi, lausnaleyti og samvinnu barna undir leiðsögn leikskólakennarans.

Stærðfræði

1-3 ára



Leiðir að markmiðum

Stærðfræði	Vísindi	Læsi	Sköpun
Raða, para saman og flokka.	Vinna með verkfærakassa þar sem börnin geta rannsakað, skynjað og unnið með mismunandi hluti.	Gera ritmál sýnilegt og að bækur séu sýnilegar og aðgengilegar.	Leggja áherslu á og gefa tíma fyrir frjálsan leik.
Kenna hugtök sem tengjast stærðum.	Hafa vísindaviku einu sinni á önn og gera þá einfaldar tilraunir. T.d. með vatn og snjó, sull ljós og skugga.	Veita börnunum greiðan aðgang að pappír og skriffærum.	Hafa greiðan aðgang að einingakubbum þar sem börnin æfast í að raða, para, flokka og átta sig á hlutföllum.
Leggja inn og kenna tákn og mynstur. 1-2 ára læra 3 form: Hring, ferning og þríhyrning. 3 ára læra 5 form: Hringur, ferningur, þríhyrningur, stjarna og hjarta.	Þjóða upp á ólíkan efnivið í leik og starfi.	Lesu bækur þar sem áhersla er lögð á talningu, flokkun og hugtakaskilning.	Hafa greiðan aðgang að kaplakubbum.
Vinna með tölustafi og talnaskilning frá 1-5.			
Kenna talnarunu. 1-2 ára upp í 5. 3 ára upp í 10.			

Stærðfræði

4-6 ára



Leiðir að markmiðum

Stærðfræði	Vísindi	Læsi	Sköpun
Raða, para saman og flokka.	Vinna með verkfærakassa þar sem börnin geta rannsakað, skynjað og unnið með mismunandi hluti s.s. skrúfur og nagla.	Gera ritmál sýnilegt og að bækur séu sýnilegar og aðgengilegar.	Leggja áherslu á og gefa tíma fyrir frjálstan leik.
Kenna hugtök sem tengjast stærðum, t.d. lítill, stór, langur, stuttur, margir o.s.frv.	Hafa vísindaviku einu sinni á önn og gera þá einfaldar tilraunir. T.d. með vatn og snjó, sull ljós og skugga.	Veita börnunum greiðan aðgang að pappír og skriffærum.	Hafa greiðan aðgang að einingakubbum þar sem börnin æfast í að raða, para, flokka og átta sig á hlutföllum.
Kenna stærðfræðileg tákn og mynstur. 4 ára læra 5 form. Hringur, ferningur, þríhyrningur, stjarna og hjarta. 5 ára læra fleiri, sexhyrning og sporöskjulaga.	Þjóða upp á ólíkan efnivið í leik og starfi.	Lesna bækur þar sem áhersla er lögð á talningu, flokkun og hugtakaskilning.	Hafa greiðan aðgang að kapla kubbum.
Vinna með talnaskilning. 4 ára læra 1-10 og 5 ára læra 1-15.			Börninn æfa sig í að teikna formin og lita. Klippa svo út og skapa myndir úr formunum.
4 ára læra talnarunu upp í 20. 5 ára læra talnarunu upp í 30.			
Gera tölur og form sýnileg bæði í leik og starfi.			

Málrækt

Málrækt

Málrækt er samofin daglegu starfi í leikskólanum en einnig er unnið með ýmis verkefni sem miða að því að auka skilning og hæfni barna til að tjá sig og koma hugmyndum sínum á framfæri.

Markmið:

- Að efla orðaforða
- Að efla skilning
- Að efla tjáningu
- Að efla hljóðkerfisvitund

Viðmið:

- Að leggja inn nýtt orð einu sinni í viku sem tengist þeirri dygd sem unnið er með
- Að öll börn fari í markvissa málörvun einu sinni í viku
- Að öll börn æfi framkomu einu sinni í viku. Kennarinn spyr spurninga og börnin svara

Mat:

- Niðurstöður skimana
- Skráning kennara

Námsleiðir og kennsluskipulag

Málræktin fléttast inn í allt starf leikskólans. Unnið er að málrækt í leikskólanum bæði í gegnum dagleg samskipti en einnig í samverustundum og skipulögðum tímum. Í hópastarfi og málörvunartímum fer fram markviss vinna með málið þar sem ákveðin verkefni eru tekin fyrir sem tengjast málrækt. Námið er miðað að aldri og þroska barnanna og mikið lagt upp úr að það fari fram í gegnum leik. Daglega er lesið fyrir börnin í litlum og stórum hópum og kenndar vísur, þulur og sönglög. Í daglegu starfi og leik gefast mörg tækifæri til að vinna með málið t.d. í gegnum umræður, hlutverkaleiki, samverustundir, borðvinnu, skipulagt starf og lestur. Í dagsins önn er unnið með orðaforða barna með því að setja orð á athafnir og hluti.

Málrækt

1-3 ára



Leiðir að markmiðum

Læsi	Skilningur, tjáning og hlustun	Hljóðkerfisvitund	Sköpun
Lesi og syngja með börnunum daglega. Notast við fjölbreytt efni.	Lesi bækur, spyrja spurninga úr þeim, útskýra erfið orð og ræða innihaldið. Skoða bókakápurarnar og myndir.	Klappa samstöfur í nöfnum og hlutum.	Gefa börnunum tækifæri til að skapa eigin tónlist, bæði í söng og með hljóðfæraleyk.
Myndrænt dagskipulag alltaf sýnilegt börnunum.	Vinna með örsögur.	Vinna með rím, byrja á bullorðum.	Dansstund einu sinni í viku þar sem þau kynnst fjölbreyttri tónlist.
Vinna með spil, myndir og málræktarefni af ýmsu tagi í daglegu starfi. T.d. lærum og leikum með hljóðin og Lubbi finnur málbein.	Efla orðaforða með því að setja orð á hluti og athafnir. Fara sérstaklega í orðaforða sem tengist, mat, fötum, dýrum, veðri, líkamanum, tilfinningum og fjölskyldu.	Æfa hlustun með lestri og leikjum.	Vinna myndlistarverkefni tengt dygðum og stefnum leikskólans.
Myndrænn stuðningur við hegðun.	Kenna litina, byrja á grunnlitunum fjórum.	Athyglis og minnisleikir.	Vinna með íslensku húsdýrin.
	Kenna hugtök, eiginleikahugtök t.d. stór/lítill og Staðsetningarhugtök t.d. undir/yfir	Vinna með stafina og hljóðin þeirra.	Vinna með litina.
	Óbein leiðrétting – herma eftir með réttu. Lengja setningar barnanna með því að endurtaka og bæta inn meiri upplýsingum.	Kenna vísur, þulur og sönglög.	Vinna verkefni í listasmiðju einu sinni í viku.
	Æfa spurningar og svör. Hvað heitir þú? Hvað ertu gömul/gamall?		

Málrækt

4-6 ára



Leiðir að markmiðum

Læsi	Skilningur, tjáning og hlustun	Hljóðkerfisvitund	Sköpun
Lesi og syngja með börnunum daglega. Notast við fjölbreytt efni.	Lesi bækur, spyrja spurninga úr þeim, útskýra erfið orð og ræða innihaldið. Skoða bókakápur og myndir. Markmið að geta hlustað á lestur í 10-15 mínútur.	Klappa samstöfur í nöfnum og hlutum. Kenna elstu börnunum muninn á orðum og stöfum, greina hljóð í orðum og setja orð saman og taka í sundur.	Gefa börnunum tækifæri til að skapa eigin tónlist, bæði í söng og með hljóðfæraleik.
Vinna með TMT – tákn með tali. Börn og starfsfólk eiga sín tákn.	Vinna með sögugerð.	Æfa hlustun með lestri og leikjum.	Dansstund einu sinni í viku þar sem þau kynnast fjölbreyttri tónlist.
Myndrænt dagskipulag alltaf sýnilegt börnunum.	Kenna litina.	Athyglis og minnisleikir.	Vinna verkefni í listasmiðju einu sinni í viku.
Vinna með spil, myndir og málræktarefni af ýmsu tagi í daglegu starfi. T.d. lærum og leikum með hljóðin, Lubbi finnur málbein, sól bókin, málörvandi spil o.fl.	Efla orðaforða með því að setja orð á hluti og athafnir. Fara sérstaklega í orðaforða sem tengist, dýrum, veðri, líkamanum, tilfinningum og fjölskyldu. Byrja á lýsingarorðum hjá elsta hóp.	Læra vísur, þulur og sönglög.	Vinna myndlistarverkefni tengt dygðum og stefnum leikskólans.
Myndrænn stuðningur við hegðun.	Kenna hugtök, yfirhugtök, eiginleikahugtök, staðsetningarhugtök, tímahugtök, andstæð hugtök og lýsandi hugtök.	Vinna með stafina og hljóðin þeirra. Læra að skrifa fangamarkið sitt og svo nafnið sitt.	
	Kenna heiti daga og mánuða.	Vinna með rím, byrja á bullorðum og færa sig svo yfir í að ríma algeng orð.	